



Héraðssambandið Skarphéðinn

Engjavegi 48, Selfossi - Sími 482 1189 - Fax 482 2909
Netfang: hsk@hsk.is - Veffang: www.hsk.is

Selfossi 28. október 2025

Grímsnes- og Grafningshreppur

Á stjórnarfundum hjá HSK á dögnum var rætt um hugsanlegan þingstað árið 2026 og fram kom sú hugmynd að halda héraðsþingið á Borg í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Undanfarin ár hafa héraðsþingin verið haldin til skiptis í öllum sveitarfélögum á sambandssvæðinu.

Með bréfi þessu er óskað eftir að 104. héraðsþing HSK verði haldið í sveitarfélaginu í samstarfi við Grímsnes- og Grafningshrepp. Undanfarin ár hafa héraðsþing sambandsins verið haldin á fimmtudegi í mars frá kl. 17:00-20:30 og við stefnum á að halda það fimmtudaginn 26. mars 2026.

Hér að neðan eru tvö atriði sem stjórn HSK óskar eftir að sveitarfélagið komi að vegna þingsins, ef af verður.

1. Fyrst er það húsnæðið, en það er venja að heimaaðilar sjái um að fá hentugt húsnæði fyrir þinghaldið endurgjaldslaust.
2. Óskað er eftir því að sveitarfélagið bjóði um 120 þingfulltrúum í mat á þinginu. Sveitarfélögin hafa fengið aðila til að sjá um matinn, í samstarfi og samráði við heimafélögin, en væntanlega munu aðildarfélög HSK innan sveitarfélagsins koma að undirbúningi þinghaldsins með HSK.

Grímsnes- og Grafningshreppur hefur tvisvar sinnum boðið til þings HSK, árin 2000 og 2012. Þess má geta að þing sambandsins hafa samtals fjórum sinnum verið haldin á Borg, árin 1968, 1976, 2000 og 2014.

Ef eitthvað er óljóst varðandi ofanritað, veitir undirritaður nánari upplýsingar í síma 899 6514.

Kærar kveðjur,
f.h. stjórnar HSK,

framkv.stj. HSK.